

# Félag Landnema á Fellsmörk

5. júní 2008

**Gleðilegt sumar ágætu landnemar á Fellsmörk!**

**Sameiginleg gróðursetning verður laugardaginn 21. júní n.k.**

**Mæting við bústað Auðuns og Helgu að Keldudal nr. 2, kl. 13.00 – stundvíslega.**

Fyrirhugað er að gróðursetja u.þ.b. 3.000 plöntur frá Landgræðsluskógum í sameiginleg svæði og deila út um 9.000 plöntum á landnemaspildur þegar sameiginlegri gróðursetningu lýkur.

Landgræðsla ríkisins hefur látið í té grasfræ og áburð fyrir tré og gras. Að þessu sinni er fyrirhugað að búið verði að koma áburði og fræi fyrir á tilteknum stöðum á Fellsmörk, þannig að landnemar geti á eigin spýtur síðar í sumar, séð um dreifinguna. Þ.e.a.s. ekki verður um dreifingu að ræða á plöntudaginn heldur mun allur hópurinn einbeita sér að gróðursetningu. Á gróðursetningardaginn verður upplýst hvar áburði og fræi hefur verið komi fyrir.

Áður en verk hefst verður farið yfir það sem gera á – því er mikilvægt að þátttakendur mæti stundvíslega.

Þeir sem ekki hafa tök á að mæta þennan dag og vilja tryggja sér plöntur til að gróðursetja síðar, verða að hafa samband við undirbúningshópinn. Mælst er til þess að plöntuskammtar séu teknir þennan dag.

**Plöntur skal skrá í möppu sem staðsett verður í trékassa við dæluhúsið á landi nr. 2 við Keldudal þar sem nánari upplýsingar munu liggja fyrir um plöntuskammt, en plönturnar eru staðsettar við hlið dæluhússins.**

**Eftir 1. júlí er öllum landnemum frjálst að gróðursetja ósóttar plöntur. Svo lengi sem birgðir endast er landnemum frjálst að sækja sér áburð sem komið hefur verið fyrir á tilteknum stöðum, sbr. hér að ofan.**

Að kvöldi laugardagsins 21. júní er boðað til fagnaðar hjá Björgvini og Huldu að Heiðarbraut 3 ef sæmilega viðrar. Hafið með ykkur mat og drykk og annað sem þarf til mannfagnaðar og grillveislu af þessu tagi ( grill + pappadiskar + mál + hnífapör)

**Landnemar eru minntir á að skila tómunum plöntubökkum á sama stað og plöntur eru sóttar – þ.e. að Keldudal nr. 2. Áhöldum, sem fengin hafa verið að láni hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, þarf að skila strax eftir sameiginlega gróðursetningu þ. 21. júní að Keldudal nr. 2**

Hittumst heil á Fellsmörk – Skógarkveðjur!

Undirbúningshópurinn

Hjalti Eliasson  
Júlía Andersen  
sími 553 6753  
farsímar 852 7424 /  
892 6653  
hjaltie@mi.is  
[julia@ask.is](mailto:julia@ask.is)

Hannes Siggason  
sími 564 1573  
farsími 896 4089  
hannes.siggason@or.is  
hannessi@gmail.com

Tryggvi Felixson  
sími 564 1456  
tfe@norden.org